**Ed.** **302. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Fyrir 1. málslið í A. 1. komi tveir nýir málsliðir:
*Suðurlandsvegur,* sem er tvískiptur frá Reykjavík í Ölfus, önnur leiðin um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krísuvík og Selvog. Úr Ölfusi um Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá.

II. Fyrir orðin „um Hóla í Nesjum" í 3. málsl. A. 1. komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

III. Fyrir orðin „Lón að Lónsheiði" í sama málslið komi: Lón um Hraunhólskletta að Lónsheiði.

IV. Á eftir A. 5. bætast nýir liðir:
a. *Gaulverjabæjar-* og *Stokkseyrarvegur:* Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurbús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri til Eyrarbakkavegar á vegamótum milli kauptúnanna.
b. *Villingaholtsvegur:* Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði til Villingaholts.

V. A. 9. skal orða svo:
*Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftaholtsmúla að Ásólfsstöðum.

VI. Fyrir „Múla" í A. 10. komi: Galtalæk.

VII. Fyrir orðin í A. 11. „inn Fljótshlíð að Hlíðarenda" komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.

VIII. Á eftir A. 11. bætist nýr liður:
*Meðallandsvegur:* Frá Suðurlandsvegi austan við Ásakvíslar yfir Eldhraun að Langholti í Meðallandi.

IX. Aftan við A. 13. bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.

X. Á eftir B. 5. bætist nýr liður:
*Reykholtsdals-* og *Hálsasveitarvegur:* Frá Kláffossbrú að Lambá.

XI. Á eftir B. 6. bætist nýr liður:
*Mýravegur:* Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár, niður Álftaneshrepp sunnanverðan niður fyrir Hólsvatn og þaðan vestur um Álftárós og Laxárholt að Ökrum í Hraunhreppi.

XII. Á eftir B. 8. bætast nýir liðir:
a. *Útnesvegur:* Frá Ólafsvíkurvegi, austan Fróðárheiðar um Breiðavík að Sandi.
b. *Skógarstrandarvegur:* Frá Stykkishólmsbraut í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

XIII. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:

*Kaldrananeshreppsvegur:* Frá Strandavegi við Selá, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu að Reykjarfirði (Kúvíkum).

XIV. Á eftir B. 11. bætast nýir liðir:

a. *Reykhólasveitarvegur:* Af Geiradalsvegi í Þorskafjörð.

b. *Barðastrandarvegur:* Frá þjóðveginum, milli Geirseyrar og Bíldudals, af Mikladal og að Haga á Barðaströnd.

c. *Rauðasandsvegur:* Frá Hvalskeri við Patreksfjörð að Saubæ á Rauðasandi.

XV. Á eftir 12. a. bætast nýir stafliðir:

a. Af Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.

b. Frá Gemlufalli að Núpi.

c. Frá Vöðlum í Önundarfirði að Hjarðardal.

XVI. Á eftir B. 12. b. bætist nýr stafliður:

Frá Þingeyri til Haukadals.

XVII. Á eftir B. 13. bætast nýir liðir:

a. *Ármúlavegur:* Frá vegamótum Langadalsvegar við brú á Langadalsá til Ármúla.

b. *Laugabólsvegur:* Frá Arngerðareyri að Laugabóli.

XVIII. Fyrir „til Skagastrandar" í C. 7. komi: að Hofi á Skagaströnd.

XIX. Á eftir C. 10. bætast nýir liðir:

a. *Blönduhlíðarvegur:* Frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvíkursveit, um brú á Gljúfurá á Hofsósveg.

b. *Lágheiðarvegur:* Frá Siglufjarðarvegi um Lágheiði til Ólafsfjarðar.

XX. Á eftir C. 12. koma nýir liðir:

a. *Svarfaðardalsvegur:* Frá Árgerði að Urðum.

b. *Svalbarðsstrandarvegur:* Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, á Norðurlandsveg á Svalbarðsströnd.

c. *Kinnarvegur:* Frá Norðurlandsvegi hjá Krossi um Köldukinn að Garði í Aðaldal.

XXI. Aftan við C. 13. bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.

XXII. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:

*Fjallavegur:* Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grímsstöðum á Fjöllum.

XXIII. Á eftir C. 15. bætist nýr liður:

*Langanesvegur:* Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

XXIV. Á eftir D. 1. kemur nýr liður:

*Vopnafjarðarvegur:* Frá Austurlandsvegi hjá Möðrudal og í Vopnafjörð.

XXV. Fyrir „*Stranda- og Vopnafjarðarvegur*" í D. 2. komi: *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.*

XXVI. Á eftir D. 2. komi nýr liður:

*Hróarstunguvegur:* Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg.

XXVII. Aftan við D. 3. bætist: Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

XXVIII. Á eftir D. 6. komi nýr liður:

*Þórdalsheiðarvegur:* Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.